

Þriðjudaginn 5. september 1989.

Nr. 333/1989. **Ákærvaldið**

gegn

Inga Sörensen.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með bókun á dómþingi 30. ágúst sl. Gögn málsins bárust réttinum 1. september. Athugasemdir ríkissaksóknara og réttargæslumanns varnaraðila bárust réttinum í dag. Af hálfu varnaraðila er þess krafist aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldstíminn verði stytur.

Ríkissaksóknari krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur, og vísar um það atriði til 2., 3. og 4. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974.

Héraðsdómari hefur byggt niðurstöðu sína á 4. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974. Ber að staðfesta niðurstöðu hans.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 29. ágúst 1989.

Ár 1989, þriðjudaginn 29. ágúst, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 115, Reykjavík, af Ásgeiri Friðjónssyni og þá upp kveðinn úrskurður þessi.

Málsatvik.

Lögreglan í Reykjavík handtók 28. júlí sl. hér í borg Inga Sörensen, kt. 270744-4009, með lögheimili að 14636 Mourpark, Apt. 13, Sherman Oaks, Los Angeles, Kaliforníu, en dvalarstað að Eiríksgötu 27 hér í borg.

Við húsaleit þar sama dag fundust í ferðatösku 60,5 g af hvítu dufti, er við síðari efnagreiningu reyndist nær hreint kókaín. Samtals fundust í fram-

haldi þar af 79,9 g af sams konar dufti við leit að Bæjarhrauni 24, Hafnarfirði, á heimili Helga B. Helgasonar, kt. 070756-4989, og á vinnustað sama aðila í fyrirtækinu Kentucky Fried í Hafnarfirði.

Næsta dag, 29.7. sl., var nefndur Ingi Sörensen úrskurðaður í gæsluvarðhald allt að kl. 15.00 í dag. Ingi þessi hefur hjá lögreglu og hér fyrir dómi kannast við að hafa á tímabilinu 7.-10. júní sl. komið höndum yfir átta únsur eða 8x28 g af kókaíni, nánar með þeim hætti, að M hafi komið þessum efnum fyrir utan dyra við ofangreindan dvalarstað Inga og síðar tilkynnt um símleiðis. Nefndur M andaðist í meðferðarstöð SÁÁ að Staðarfelli 11. júní sl.

Ingi Sörensen kvaðst ekki vita, hvað vakað hefði fyrir M með þessari afhendingu, og ekki hafa litið svo á, að hann ætti eða væri að kaupa efnin. Eigi að síður hefur hann selt verulegan hluta þeirra tveimur nafngreindum aðilum, annars vegar ofangreindum Helga B. Helgasyni tvívegis, tvær únsur hvoru sinni, og einingarverð verið ákveðið 6.600,00 kr. hvert g af fyrstu únsunni, 7.000,00 kr. hvert g í annarri, en 6.600,00 kr. g í þriðju og fjórðu únsu. Ingi Sörensen kvaðst telja sig hafa tekið við 150-200 þús. krónum af söluverði þessa magns.

Nefndur Helgi B. Helgason hefur kannast við ofangreind viðskipti. Ingi Sörensen taldi sig hins vegar seint í júlí sl. hafa tvívegis selt Franklín Kristni Steiner af þessu kókaíni, eina únsu hvoru sinni fyrir 6.600,00-7.000,00 kr. hvert g, og tekið við af söluverðinu 150-160 þús. krónum. Franklín Kristinn Steiner hefur ekki kannast við þessi viðskipti. Ingi Sörensen hefur hins vegar afsalað sér 330.000,00 krónum sem söluandvirði ofangreindra efna.

Af hálfu ákærvalds hefur með vísan til 2. og 4. töluliðar 1. mgr. 67. gr. laga, um meðferð opinberra mála, verið sett fram krafa um, að Inga Sörensen verði áfram gert að sæta gæsluvarðhaldi, uns dómur gengur í máli hans í héraði, þó ekki lengur en til föstudags 27. október nk. kl. 15.00, enda fram tekið, að ákæra verði á næstunni út gefin í þessu sambandi.

Þá er af hálfu ákærvalds lýst yfir, að ekki þyki nauðsynlegt vegna rannsóknarhagsmuna, að hinn kærði sæti einangrun í gæsluvarðhaldinu.

Réttargæslumaður kvaðst hins vegar telja, að í þessu tilviki nægði og væri eðlilegt, að kærði gengi laus gegn tryggingu, sbr. 71. gr. laga nr. 74/1974, og með eða án formlegs farbanns, sbr. 72. gr. sömu laga.

Fulltrúi ákærvalds taldi þetta engu breyta gagnvart aðalkröfu, enda ótímabærar hugleiðingar, fyrr en úrskurðað hefði verið um gæsluvarðhaldskröfuna.

Niðurstöður.

Verið er að rannsaka ætluð stórfelld brot gegn lögum nr. 65/1974 og reglugerð nr. 16/1986.

Ingi Sörensen hefur samkvæmt ofanskráðu viðurkennt verulegt kókaín-misferli, og er sú játning studd framburði Helga B. Helgasonar, en að auki fíkniefnum þeim, sem hald hefur verið lagt á.

Ekki verður talið, að beiting áðurnefnds 4. töluliðar 67. gr. laga nr. 74/1974 ráðist af rannsóknarnauðsyn, heldur mati á alvarleika brots.

Ber þá annars vegar að líta til fyrrgreindrar játningar Inga Sörensens, en virða til samanburðar dóm Hæstaréttar Íslands, upp kveðinn 8. júní sl., í málinu nr. 116/1989.

Þar var staðfestur sá dómur undirréttar, að tveggja ára fangelsisvist varðaði að smygla hingað til lands liðlega 50 g af kókaíni og selja að hluta með hagnaði hérlandis.

Samkvæmt því, öðru ofanrituðu og þar með nefndum 4. tölul. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir eiga að ná fram að ganga sú krafa ákærvalds, að Ingi Sörensen sæti áfram gæsluvarðhaldi, uns dómur gengur í máli hans í héraði, þó ekki lengur en til föstudags 27. október nk. kl. 15.00.

Með vísan til athugasemdar hér að ofan um eðli 4. tölul. 67. gr. laga nr. 74/1974 svo og yfirlýsinga ákærvalds í kröfugerð þykir hins vegar rétt að létta af kærða einangrun í eftirfarandi gæsluvarðhaldi og að kærði njóti hér eftir réttarstöðu afplánunarfanga, svo sem ráð er gert fyrir í 3. gr. laga nr. 48/1988.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Framlengd er gæsluvarðhaldsvist Inga Sörensens, kt. 270744-4009, frá kl. 15.00 að telja 29.8.1989, uns dómur gengur í máli hans í héraði, en þó ekki lengur en til föstudags 27. október 1989 kl. 15.00, enda njóti gæslufanginn á nefndu tímabili réttarstöðu afplánunarfanga.